

## Því úrskurðast:

Lögtak skal ná fram að ganga eftir kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 7. desember 1979.

Nr. 205/1977. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari**

**f. h. ríkissjóðs og**

**Jóhannes Árnason, sýslumaður í**

**Barðastrandarsýslu,**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Viðari Stefánssyni og**

**Sigurði Georgssyni héraðsdómslögmanni**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabætur. Áfrýjun. Frávísun. Lögmanns-  
laun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Svein-  
björnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús  
Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs krefj-  
ast sýknu af kröfum stefnda Viðars Stefánssonar og máls-  
kostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til  
vara krefjast þeir þess, að dómsfjárhæð verði lækkuð og  
málskostnaður látinn niður falla. Þá er þess krafist, að tals-  
mannslaun Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns verði  
lækkuð frá því, sem ákveðið var í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi Viðar krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og  
málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi Sigurður krefst stað-  
festingar ákvæðis héraðsdóms um talsmannslaun og máls-  
kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Jóhannes Árnason sýslumaður hefur ekki við munnlegan flutning málsins látið gera kröfur af sinni hálfu, svo sem síðar verður rakið, og að honum er engum kröfum beint.

## I.

Um formhlið máls þessa skal þetta tekið fram:

Stefndi Viðar höfðaði mál þetta upphaflega fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með því að stefna „fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sýslumanni Barðastrandarsýslu og saksóknara ríkisins til réttargæslu“. Í 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 er gagnert boðið, að ríkissaksóknara skuli stefna „fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim“, þegar einkamál er höfðað til heimtu fébóta samkvæmt XVIII. kafla laganna. Þegar stefndi Viðar höfðaði þetta mál í héraði, gætti hann þess ekki að stefna ríkissaksóknara til að þola dóm sem fyrirvarsmanni ríkissjóðs. Af hálfu ríkissaksóknara var þó sótt þing þegar við þingfestingu málsins, og í greinargerð varnaraðilja í héraði krafðist ríkissaksóknari sýknu af kröfum þeim, sem gerðar voru á hendur ríkissjóði. Því var og lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að svo bæri að líta á, að ríkissaksóknari hefði farið með fyrirvar í málinu fyrir héraðsdómi. Þar sem málið var flutt á þessum grundvelli, mátti héraðsdómari leggja dóm á það með þeim hætti, sem hann gerði, þrátt fyrir hina gölluðu málssóknarhætti.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skaut bæjarþingsdómi í máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1977. Ekki stóðu aðrir fyrir málskotinu, og ekki var öðrum stefnt en Viðari Stefánssyni. Útivistardómur var kveðinn upp 2. nóvember 1977. Málinu var áfrýjað á ný 17. nóvember 1977. Í stefnu segir, að fjármálaráðherra, Jóhannes Árnason sýslumaður og Þórður Björnsson ríkissaksóknari áfrýi með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Stefnt var Viðari Stefánssyni og Sigurði Georgssyni héraðsdómslögmanni. Þegar málið var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, lýsti umboðsmaður áfrýjanda því yfir, að hann gerði kröfur af hálfu fjármálaráð-

herra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, en einnig sótti hann þing af hálfu sýslumannsins í Barðastrandarsýslu. Sem fyrr segir voru ekki gerðar kröfur af sýslumannsins hálfu. Kröfum ríkissjóðs var beint að Viðari Stefánssyni og Sigurði Georgssyni. Tekið var til varna af hálfu þeirra beggja. Þegar áfrýjað var 17. nóvember 1977, var að vísu liðinn sá þriggja mánaða frestur, sem um getur í 20. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973, en skýra ber 36. gr. laganna svo, að heimilt hafi verið að stefna Sigurði fyrir Hæstarétt með þessari stefnu.

Í héraði var sýslumanni Barðastrandarsýslu stefnt til réttargæslu, en engar kröfur voru gerðar á hendur honum. Hann gerðist ekki aðili máls í héraði, og hann fer ekki að lögum með fyrirvar í málinu af hálfu ríkisvalds. Samkvæmt þessu og þar sem honum var ekki rétt af öðrum ástæðum að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar, ber að vísa áfrýjun af hans hendi frá Hæstarétti, en ekki eru efni til að dæma hann til greiðslu málskostnaðar.

## II.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétti hefur verið á því byggt af hálfu áfrýjanda, að ekki verði stefndi Viðar fremur talinn sýkn en sekur af háttsemi þeirri, sem hann var grunaður um. Er það stutt þeim rökum, að stefndi hafi vísað á geymslustað þýfisins, sem um ræðir í málinu, og hann hafi að eigin sögn haft vitneskju um þjófnaðinn svo snemma dags 4. janúar 1975, að honum hafi ekki getað borist fréttir af honum frá öðrum. Þá er því haldið fram, að sjópoki sá, sem þýfið fannst í, hafi verið Viðari tiltækur.

Þegar virt eru gögn máls um þessi atriði, þykja þau þó ekki bera böndin svo að stefnda Viðari, að 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 standi því í vegi, að honum verði dæmdar fábætur samkvæmt ákvæðum 152. gr., sbr. 150. gr. laganna, vegna gæsluvarðhalds þess, sem hann sætti.

Bætur til stefnda Viðars Stefánssonar þykja hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Ágreiningur er ekki um upphafstíma vaxta.

## III.

Gjafsóknarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun til Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafvarnarkostnaður stefnda Viðars fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 160.000 krónur.

## D ó m s o r ð :

Áfrýjun Jóhannesar Árnasonar, sýslumanns í Barðastrandarsýslu, er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, ríkissjóður, greiði stefnda, Viðari Stefánssyni, 350.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður Viðars Stefánssonar í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafvarnarkostnaður stefnda Viðars fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 160.000 krónur.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júlí 1977.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 5. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. og 21. júlí 1975, af Viðari Stefánssyni, nú til heimilis að Túngötu 35, Tálknafirði, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sýslumanni Barðastrandarsýslu og saksóknara ríkisins til réttargæslu til greiðslu bóta vegna gæsluvarðhalds að ósekju.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði greiddar kr. 60.000 fyrir vinnutap og kr. 2.000.000 í miskabætur með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda, eins og ekki væri um lög-

bundna gjafsókn að ræða. Hann hefur lagt fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning, samtals að fjárhæð kr. 476.539.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttatilaunir dómara urðu árangurslausar.

Málavextir.

Laugardaginn 4. janúar 1975 var tilkynnt til sýsluskrifstofu Barðastrandarsýslu um innbrot og þjófnað í sölubúð kaupfélagsins á Tálknafirði. Var talið, að innbrotið hefði verið framið að faranótt laugardagsins og áætlað, að stolið hefði verið ca kr. 54.000 í peningum og 25 lengjum af vindlingum. Tveir lögreglumenn, þeir Páll Janus Pálsson og Pétur Sveinsson á Patreksfirði, voru sendir samdægurs yfir til Tálknafjarðar til þess að rannsaka málið, og komu þeir þangað um kl. 2200 laugardagskvöldið. Hófu þeir þegar í stað rannsókn málsins. Ólafur Magnússon hreppstjóri sýndi þeim hurð á suðurhlið verslunarhússins, sem gengið hafði verið um við afbrotið. Sjáanlegt var, að hurðin hafði verið stungin upp með þunnu, oddhvössu jární og hlaupjárn hennar beygt. Þeir höfðu samband við kaupfélagsstjóran, Guðmund Björn Sveinsson, Túngötu 37, Tálknafirði, og fengu lánaða skrifstofu í Innstu-Tungu og hófu þar yfirheyrslur. Fyrstir voru kallaðir til yfirheyrslu þeir, sem bjuggu í hraðfrystihúsinu, en þar er verbúð. Í frystihúsinu bjuggu: Svandís Leósdóttir, ráðskona í mótuneyti hraðfrystihússins, 26 ára að aldri; Viðar Stefánsson, stefnandi máls þessa, starfsmaður í frystihúsinu, sambýlismaður Svandísar, 28 ára að aldri, þau bjuggu saman í herbergi á 2. hæð hússins; Viggó Ólafsson, verkamaður í hraðfrystihúsinu, 53 ára að aldri, sem bjó í herbergi á 3. hæð hússins í norðurhorni; sonur hans Bjarni Franz Viggósson, nemandi í Núpsskóla, 16 ára að aldri, sem var staddur á Tálknafirði í jóla-leyfi og hafði til afnota herbergi í frystihúsinu í suðurhorni á 3. hæð; Hans Odmar Samson Højgaard, verkamaður í frystihúsinu, Færeyingur, 35 ára að aldri, sem bjó í herbergi við hliðina á Viggó Ólafssyni á 3. hæð. Auk fyrrgreindra voru staddir í frystihúsinu og gistu þar tveir málarameistarar frá Patreksfirði, þeir Daði Bæring Halldórsson og Jón Þ. Arason, og höfðu þeir herbergi á 3. hæð hússins við suðausturhlið.

Yfirheyrslur lögreglunnar hófust um kl. 2300, og þá mætti Viggó Ólafsson fyrstur manna. Hann kvaðst hafa setið við spil

fram eftir kvöldi ásamt Ólafi Magnússyni og Guðmundi S. Guðmundssyni. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinn umgang í húsinu annan en þann, að hann hafi séð Viðar Stefánsson loka hurð að skrifstofu hraðfrystihússins, og síðan hafi hann dvalist í herberginu um klukkustund, en þá hafi hann gengið fram og séð lykla að eldhúsi og skrifstofu liggja á borði í eldhúsinu. Síðan hafi hann farið inn í herbergið sitt og dvalist þar til klukkan 3 um nóttina og þá farið á salerni og síðan aftur inn í herbergið sitt og lesið til kl. 0430 um morguninn, en ekki orðið var við neitt athugasvert.

Klukkan 2330 kom Bjarni Franz Viggósson og gaf skýrslu hjá lögreglunni. Hann kvaðst hafa farið að sofa um kl. 0200 um nóttina og hafi hann ekki orðið var við neinar mannaferðir eftir þann tíma.

Klukkan 2358 kom til lögreglunnar stefnandi máls þessa, Viðar Stefánsson. Hann kvaðst hafa verið að elta mink niður á bryggju og komið heim um miðnættið, hann hafi þá farið inn og fengið sér kaffi í eldhúsinu (á 3. hæð) og gengið síðan inn í hornherbergið og horft niður á bryggju og þá hafi Bjarni Viggósson farið fram hjá og gengið inn í sitt herbergi. Hann hafi síðan farið niður aftur og hafi hann lesið til klukkan 0330 um nóttina. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinar mannaferðir eftir þann tíma. Hann tók fram, að hægt væri að fara inn í húsið eftir „snígli“ baka til hjá fiskkassa.

Klukkan 0110 gaf skýrslu hjá lögreglunni Hans Højgaard. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinar mannaferðir um nóttina, og hann kvaðst hafa verið að lesa til klukkan 0530 um morguninn. Hann hafi gætt oft út um nóttina og ekki orðið var við neitt athyglisvert.

Lögreglan hafði þann hátt á, að hreppstjórinn, Ólafur Magnússon, sótti í bifreið þá, sem yfirheyra átti, einn og einn, og skilaði þeim aftur eftir yfirheyrslu. Hreppstjórinn skýrði lögreglumönnum svo frá, að þegar hann hefði farið með Viðar Stefánsson niður að frystihúsi eftir yfirheyrsluna, hafi Viðar haft það á orði, að réttara væri að gá í kofa fyrir ofan Ystu-Tungu. Þegar lögreglumennirnir heyrðu þetta, fóru þeir út og niður að frystihúsi, og þá veittu þeir athygli tveimur mönnum, sem gengu upp með kaupfélaginu og hurfu sjónum þeirra. Lögreglumennirnir óku leið, sem liggur upp að Ystu-Tungu, og þá sáu þeir tvo menn, sem stóðu í dyrum á skúr þar rétt fyrir ofan, og reyndust þeir

vera stefnandi og Páll Guðlaugsson, vélstjóri í frystihúsinu. Þegar stefnandi kom úr yfirheyrslunni, hafði hann komið í herbergi Viggós Ólafssonar í hraðfrystihúsinu og sagt við þá, sem þar voru staddir, hvort þeir vildu ekki koma og fá kaffisopa í eldhúsinu. Í herberginu voru þá staddir auk Viggós Ólafssonar mál-ararnir tveir og Páll Guðlaugsson. Þeir fengu sér kaffi í eldhúsinu, og rætt var um málið, og þá hafði stefnandi á orði, að gaman væri að leita í „brugghúsinu“ eða gömlu fjárhúsunum. Páll tók undir þetta, og varð úr, að þeir létu ekki sitja við orðin tóm. Stefnandi fór og náði í lukt með haldi á, og þeir gengu sem leið lá upp fyrir frystihúsið. Frystihúsið er fyrir neðan veg á eyri, og upp við veginn komu þeir að brúnni. Beina- og fiskimjölverksmiðjan er á eyrinni hinum megin við brúna. Stefnandi fór að verksmiðjunni og lýsti vel undir beinarennu og inn í þróna. Beint á móti verksmiðjunni handan vegarins er sölubúð kaupfélagsins, og þangað fóru þeir. Þar voru kassar, gámar og rusl, og hafði stefnandi orð á, að best væri að athuga vel í þessu. Fóru þeir síðan upp í brekku, og voru þá lögreglumennirnir að koma út af skrifstofu kaupfélagsins í Innstu-Tungu. Þeir stefnandi og Páll fóru fyrst í skúr eða hjall fyrir ofan Ystu-Tungu, sem kallað er „brugghúsið“, og meðan þeir voru að svipast um í kompu í þessum hjalli, komu lögreglumennirnir til þeirra. Að undangenginni leit þar héldu þeir allir áfram ofar upp að fjárhúsunum, sem þar voru í brekkunni. Þeir voru fimm saman, þ. e. stefnandi og Páll Guðlaugsson, lögreglumennirnir tveir og bifreiðarstjóri þeirra, Þorsteinn Sigurðsson. Stefnandi sagði, að best væri að fara inn um dyr á vesturgafli hlöðu, sem var áföst við fjárhúsin. Þorsteinn fór upp í stiga í suðausturenda hlöðunnar og lýsti inn í dúfnabúr þar uppi, en stefnandi lýsti undir lofti þessu þar meðfram veggnum. Allir voru inni í hlöðunni, og lögreglumennirnir lýstu þar um með vasaljósum sínum. Úr hlöðunni var unnt að fara inn í fjárhúsið á tveim stöðum, og var það tvískipt. Páll Guðlaugsson fór með Pétri lögregluþjóni inn í annað fjárhúsið, og lýsti Pétur með vasaljósinu um húsið, án þess að þeir veittu neinu sérstöku athygli þar. Þeir fóru aftur fram í hlöðuna og yfir í hitt fjárhúsið, en á meðan var Viðar að lýsa upp undir loftið, undir dúfnahúsinu og með veggnum þar, svo sem fyrr greinir. Páll Guðlaugsson og Pétur lögregluþjónn fóru inn í hitt fjárhúsið til þess að leita þar. Stefnandi fór í dyrnar, sem Páll Guðlaugsson og Pétur lögregluþjónn höfðu komið út

úr, og lýsti inn fyrir á nýjan leik, og var Þorsteinn bílstjóri með honum. Stefnandi gekk inn í fjárhúsið og lýsti undir jötuna og sá þar kassa og rak fótinn í hann og lyfti honum upp. Undir kassanum var sjópoki, sem stefnandi hafði orð um, að hann mundi ekki snerta, en þarna væri eitthvað, sem þeir skyldu athuga. Hinir komu þá að, þegar þeir heyrðu stefnanda kalla, og tóku lögreglumennirnir og hreppstjórinn pokann og skoðuðu í hann, og reyndust í honum vera lengjur af sígarettum. Þeir leituðu betur, en fundu ekkert frekar. Lögreglumennirnir fóru með pokann heim til hreppstjóra og hvolfdu úr honum á gólfið og töldu 22 lengjur af sígarettum, en ekkert annað. Þeir fóru þá aftur niður í frystihúsið og höfðu tal af Bjarna Viggóssyni, en ekkert kom í ljós, er varpað gæti ljósi á þetta frekar. Stefnandi og Páll Guðlaugsson fóru aftur niður í frystihúsið, og á leiðinni þangað fór stefnandi og gáði í beinakassann við frystihúsið og í matara verksmiðjunnar, sem var fullur af vatni, Páll Guðlaugsson fór í vélasalinn að svo búnu, en stefnandi fór upp stigann.

Skráð er, að lögreglumennirnir hafi yfirheyrt eitt vitni um nóttina kl. 0300, Karl Ómar Herbertsson, 16 ára unglíng, til heimilis að Lækjarbakka, Tálknafirði, sem kvaðst ekkert vita um atburð þennan.

Daginn eftir, sunnudaginn 5. janúar, hélt lögreglan áfram yfirheyrslum sínum kl. 1340. Þá kom kaupfélagsstjórinn, Björn Sveinsson, og skýrði svo frá, að hann hefði yfirgefið kaupfélagið um kl. 2330 á föstudagskvöldið og farið út um framdyr kaupfélagsins. Hann hafi ekkert athugavert séð, er hann yfirgef húsíð. Aðspurður kvaðst hann ekkert hafa orðið var við, að stefnandi, Viðar Stefánsson, hefði verið staðinn að hnupli, en aftur á móti hafi fólk haft á honum strangar gætur og hann hafi hreinlega verið vaktaður fyrst í stað. Hlutir hafi horfið, þar sem Viðar hafi verið eða farið um, og hann sé því athugaverður. Hann kvað Viðar einnig mjög kunnugan staðhátum í kaupfélaginu. Aðspurður sagði kaupfélagsstjóri og, að í kaupfélaginu hefðu horfið um 20—25 lengjur af sígarettum, einkum Viceroy og Winston, og um það bil kr. 50.000 í peningum og 2—3 pokar af skiptimynt í 10 króna peningum. Hann upplýsti, að starfsfólk kaupfélagsins væri: Sigurður Einarsson, Ártúni, Einar Ármannsson, Skrúðhömrum, Jónína Sigurðardóttir, Ártúni, Kristjana Andrésdóttir, Gileyri, Olga Herbertsdóttir, Brekku, Friða Sigurðardóttir, Örk, og Pálína Einarsdóttir, Bjarmalandi.

Yfirheyrslur lögreglunnar héldu áfram þann dag. Næstur kom

Ólafur Jóhannsson, nemandi, 15 ára að aldri, til heimilis að Túngötu 39. Hann kvaðst hafa sofið heima allt föstudagskvöldið, og staðfesti móðir hans það.

Næst kom Olga Herbertsdóttir, Brekku, Tálknafirði, 31 árs að aldri. Hún kvaðst hafa lokað versluninni um kl. 2200 og hafa sett þá peninga, sem hún hefði selt fyrir, inn á skrifstofu og læst hurðinni bakdyramegin. Hún kvað stefnanda hafa komið af og til og boðist til að aka henni heim eftir lokun kl. 2200 og síðast fimmtudaginn 2. janúar. Hún hafi þegið það og stefnandi hafi drukkið kaffi heima hjá henni.

Sigurður Einarsson, Ártúni, 65 ára að aldri, kom næst og skýrði svo frá, að Pálína Einarsdóttir hefði komið heim til hans um kl. 1230 á laugardaginn og beðið hann að loka útihurð kaupfélagsins. Hann hafi farið og bundið hurðina aftur og áður en hann hafi lokað, hafi hann veitt því athygli, að hleypijárnið var bogið. Hann hafi síðan farið heim og komið aftur um kl. 1600 á laugardaginn um leið og afgreiðslustúlkan Olga Herbertsdóttir. Þau hafi þá farið inn á skrifstofu og aðgætt að peningakassa, en þá hafi vantað alla peninga nema nokkrar ávísanir, sem hafi legið í kassanum. Þá kvaðst hann hafa hringt í Björn Sveinsson kaupfélagsstjóra og sagt honum, hvernig komið væri. Svo hafi Björn komið skömmu seinna ásamt Ólafi Magnússyni hreppstjóra.

Pálína Einarsdóttir, 63 ára að aldri, kom næst og kvaðst hafa veitt því athygli, er hún hafi komið, að hurðin lá að stöfum. Hún hafi ekki veitt neinu grunsamlegu athygli, en gengið til síns verks og þegar hún hafi verið búin að skúra og gat ekki lokað hurðinni, hafi hún sótt Sigurð Einarsson og beðið hann að loka hurðinni, sem hann hafi og gert.

Páll Guðlaugsson, Brekku, Tálknafirði, 39 ára að aldri, kom næst til yfirheyrslu hjá lögreglunni. Hann skýrði svo frá: „Er ég kom inn á smíðaloftið, veitti ég athygli jární, sem hann kannaðist ekki við, að ætti að vera þar kvöldið áður, föstudagskvöldið 3. 1. kl. 20.00. Þá lít ég um og sé, að vængjahurð inn í umbúðageymslu hún hafði verið spennt frá, en hékk þó í læsingu. Önnur hurðin var negld, en hafði verið spennt frá. Síðan veitti ég því athygli, að rótað hafði verið í verkfærum og tekið stærsta sporjárníð, sem þar var. Síðan fer ég í gegnum kassageymslu og inn í flökunarvélarsal, þá er sú hurð opin, sem mætti taldi sig hafa lokað kvöldið áður, er hann fór til að þvo límpensil. Mætti telur, að verkstjórinn hafi verið mættur og taldi hann vera í her-

bergi sínu og sá þá, að hurðin að verkstjóraherberginu lá við staf. Síðan fer ég fram í eldhús og geng úr skugga um, að verkstjórinn sé ekki kominn, og síðan aftur inn á verkstjóraherbergið og tek lykla, er voru þar í glugga, og ber þá við skrána á flökunarsalnum, og passaði þá einn lykkillinn að honum. Síðan fer ég með lyklana upp og læsti, síðan spyr mætti málara, Jón Arason og Daða Halldórsson, hvort þeir hafi fengið lánað spurnjárn, en þeir töldu ekki, en sögðust hafa fengið skrufjárn daginn áður. Síðan eftir hádegi spurði hann Viðar Stefánsson þess sama um kl. 1400, og virtist hann vera að koma úr rúminu, og kveður hann nei við, en spurði, hvort mætti hefði spurt Færeyingana, Viggó og Bjarna, en þeirra svar var hið sama.“

Næstur kom til lögreglu Einar Ármannsson, Skrúðhömrum, 39 ára að aldri. Hann skýrði svo frá, að um kl. 2300 (á föstudagskvöld) hefði hann farið út í kaupfélag til að sækja málband og lykla að olíuskúr til að afgreiða Litlafell með olíu. Síðan, um kl. 0100, hafi hann komið aftur upp í kaupfélag ásamt fjórum mönnum af m/s Litlafelli, sem versluðu með tóbak og öl. Að því loknu hafi verið farið niður í skip og hafi hann verið þar smástund og síðan hafi hann farið heim og verið þar, þangað til byrjað var að dæla olíunni í land um kl. 0210 og þá farið aftur niður að skipi og verið þar, þar til skipið fór um nóttina kl. 0330. Hann kvaðst ekki hafa orðið var mannaferða eftir þetta.

Þá kom til lögreglunnar Hreiðar Sigurðsson, 34 ára að aldri. Hann skýrði svo frá, að hann hefði unnið í kaupfélaginu haustið 1971 og fram í janúar 1972. Hann kvaðst vera fullviss um, að Viðar Stefánsson hafi tekið ófrjálsri hendi í eitt skipti kjötstykki og í annað skiptið brauð og hann hafi sagt Björgvin oddvita frá þessu og einnig Birni kaupfélagsstjóra, sem staddur hafi verið í Reykjavík, og kvaðst hann gera í málinu, er hann kæmi heim.

Kl. 2305 sunnudagskvöld kom Svandís Leósdóttir aftur til þess að gefa skýrslu hjá lögreglunni. Hún skýrði svo frá, að hún hefði farið niður um kl. 1215 (á að vera 0015) og skilið eftir lykla, sem ganga að verkstjóraskrifstofu, eftir í eldhúsi vegna þess, að önnur átti að nota þá daginn eftir. Síðan hafi hún lesið í bók til kl. 0200 um nóttina og þá hafi stefnandi verið að lesa. Svo hafi hún vaknað um kl. 0300 til 0330 og hafi stefnandi þá verið að ganga frá bókinni og slökkva ljósið. Hún hafi svo ekki vaknað fyrr en kl. 0930 um morguninn, laugardaginn 4. janúar.

Að svo búnu báðu lögregluþjónarnir stefnanda að koma með sér til Patreksfjarðar. Þangað var komið um miðnættið, og var

stefnandi þar settur í fangaklefa án nokkurrar yfirheyrslu eða skýrslugjafar. Höfðu lögregluþjónarnir ekkert haft á orði um það, að stefnandi væri handtekinn eða hann ætti að fara í fanga-geymslu, þegar hann fór með þeim í bifreiðinni frá Tálknafirði. Stefnanda var sagt, að hann yrði að bíða eftir sýslumanninum, en síðan komu boð frá sýslumanni, að hann gæti ekki komið. Stefnandi var í fangaklefanum um nóttina, en lögregluþjónarnir höfðu sagt honum, að þeir gætu haldið honum þar í 24 tíma án þess að gefa skýringar.

Sýslumaðurinn, Jóhannes Árnason, setti sakadóm Barðastrandarsýslu kl. 1100 mánudagsmorguninn 6. janúar, og kl. 1200 á hádegi mætti stefnandi í dóminum. Gaf hann þar ítarlega skýrslu og lýsti því, þegar hann og Páll Guðlaugsson fóru að leita þýfisins. Tók mætti í þessu sambandi fram aðspurður og ítrekað áminntur um sannsögli, að hann teldi, að Niels Ársæls-son og Ólafur Jóhannsson hefðu framið innbrotið og þjófnaðinn. Hann kvaðst telja, að það hafi verið ástæðan fyrir því, að hann fékk hugboð um að huga að þýfinu í áður nefndu fjárhúsi. Aðspurður skýrði hann svo frá, að ástæðan væri sú, að hann vissi til þess, að þeir hefðu komið þar og einu sinni ætlað að brugga þar, og hafi hann heyrt um það. Dómarinn skýrði stefnanda frá því, að hann væri grunaður um að hafa framið innbrotið og þjófnaðinn í verslun Kaupfélags Tálknafjarðar, og kvaðst stefnandi neita að hafa framið þann verknað. Kl. 1330 vék stefnandi frá og var að nýju fluttur í fangaklefan.

Sýslumaður fór yfir á Tálknafjörð og setti dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu kl. 1720 þá um daginn að Tungu í Tálknafirði. Kl. 1730 kom fyrir dóminn Niels Ársæls-son, nemandi í Núpsskóla, til heimilis að Hamraborg, Tálknafirði, 15 ára gamall. Hann var spurður um ferðir sínar aðfararnótt laugardagsins 4. janúar. Hann kvaðst hafa verið heima hjá sér um miðnættið og verið að spila við foreldra sína þar til um kl. 3 um nóttina, en þá farið að sofa og ekkert farið út fyrr en um morguninn. Aðspurður um ferðir sínar að kvöldi hins 3. janúar kvaðst hann hafa verið í fylgd með fleiri unglingum og þá komið m. a. í hraðfrystihúsið í herbergi, sem Bjarni Viggósson hefur þar. Þaðan kveðst hann hafa farið beint heim laust fyrir miðnættið. Hann kvaðst kannast við fjárhúskofa upp af bænum Ystu-Tungu, en aðspurður kvaðst hann ekki hafa komið þangað síðan vorið 1974, en síðastliðinn vetur hafi hann og aðrir unglingar notað hann til að geyma skíði. Hann kvaðst ekki hafa frétt um inn-

brotið í kaupfélagið fyrr en um kl. 1700 á laugardaginn. Hann kvað helstu féлага sína á Tálknafirði vera Þorstein Pétursson, Bjarna Viggósson og Ómar Herbertsson. Hann kvað kunningskap hafa verið með sér og Ólafi Jóhannssyni síðastliðinn vetur, en það hafi verið minna að undanfögnu. Að lokum kvaðst mætti ekkert geta upplýst um mál þetta.

Kl. 1755 mætti í dóminum Bjarni Franz Viggósson, sem áður er getið. Hann kvaðst hafa komið í herbergi sitt í frystihúsinu laust eftir miðnætti laugardaginn 4. janúar. Hann kvaðst rétt áður hafa staðið í að drepa mink og hafi stefnandi og Daði Halldórsson frá Patreksfirði einnig tekið þátt í því. Hann kvað enga hafa búið í herbergjum þeim, sem voru sitt hvoru megin við herbergi hans. Hann hafi farið að sofa um kl. 0200 um nóttina og kvaðst ekki hafa hitt neinn frá því hann kom í húsið um miðnætti þar til hann fór að sofa um kl. 0200. Sérstaklega aðspurður og ítrekað áminntur um sannsögli kvaðst hann ekki hafa orðið var við neinar mannaferðir í húsinu aðfaranótt laugardagsins.

Fyrir dóminn kom einnig Jakob Ármannsson, sem áður er getið, kaupfélagsstjóri Björn Sveinsson, og síðan fór dómariinn ásamt kaupfélagsstjóra og hreppstjóra og kynnti sér aðstæður á innbrottsstað. Sýslumaður hélt rannsókninni áfram um kl. 2100 að Bjarmalandi, og þá kom Olga Herbertsdóttir fyrir dóminn. Að svo búnu hélt sýslumaður til Patreksfjarðar og háði dómþing kl. 2220 á skrifstofu sinni og kallaði stefnanda fyrir. Stefnandi var ítrekað spurður, hvort hann hefði framið innbrot og þjófnað í Kaupfélag Tálknafjarðar aðfaranótt 4. janúar, og kvaðst hann neita að hafa gert það. Þá var hann ítrekað aðspurður um ástæður fyrir því, að hann „benti á hluta þýfisins“ í húskofa upp af Ystu-Tungu, eftir að rannsókn málsins var hafin, og vísaði stefnandi til framburðar síns í réttarhaldi fyrr um daginn um það atriði. Kl. 2350 var kveðinn upp úrskurður, þar sem stefnanda var gert að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum. Stefnandi sat í gæsluvarðhaldi til fimmtudagsins 23. janúar, kl. 1330. Þá kvaðst hann aðspurður enn neita því eindregið að hafa framið innbrot og þjófnað í kaupfélagið eða átt nokkra aðild að því. Á tímabilinu, sem stefnandi sat í gæsluvarðhaldi, þ. e. frá 6. til 23. janúar, voru 20 manns yfirheyrðir vegna máls þessa í saka-dómi Barðastrandarsýslu og nokkrir þeirra tvisvar og þrisvar sinnum. Stefnanda var skipaður réttargæslumaður, á meðan hann sæti í varðhaldinu, Sigurður Georgsson héraðsdómsslögmaður.

Lögmaðurinn komst ekki vestur þegar í stað vegna veðurs, en var viðstaddur yfirheyrslur frá og með 16. janúar. Yfirheyrslur fóru fram í sakadómi Ísafjarðarsýslu að Núpi í Dýrafirði 20. janúar, og voru þá yfirheyrðir þeir Bjarni Franz Viggósson og Niels Ársælsson. Yfirheyrsla fór og fram í sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 21. janúar, og var Ólafur Jóhannsson þá yfirheyrður fyrir dómi.

Eftir að yfirheyrslum lauk og án þess að mál þetta upplýstist frekar, birtist í dagblaðinu Vísi 29. janúar frétt á 3. síðu með fyrirsögninni: „Vísaði á þýfið — neitaði að vera þjófurinn — þrátt fyrir hálf mánaðar gæzluvarðhald.“ Var í frétt þessari sagt í stórum dráttum frá rannsókn málsins og jafnframt að grunur hefði beinst að manni nokkrum, er bjó í verbúð frystihússins. Sígaretturarnar hafi fundist „fyrir atbeina hans.“ Mánudaginn 3. febrúar birtist í dagblaðinu Vísi stærri frétt með fyrirsögn í litum: „Dýrkeypt aðstoð við laganna verði,“ og í rammafyrirsögn: „ — sat í 18 daga í gæzluvarðhaldi, grunaður um innbrot, eftir að hafa hjálpað lögreglu við leit að þýfinu — og fundið það.“ Grein þessi sagði frá rannsókninni og lýsti henni frá sjónarhóli stefnanda. Hinn 5. febrúar sendi réttargæslumaður stefnanda bréf til sýslumanns og sendi honum afrit bréfs frá Niels Ársælssyni til Hans Højgaard, svohljóðandi:

„Adressa

NÍELS ADOLF ÁRSÆLSSON,

NÚPSSKÓLA

DÝRAFIRÐI

ÍSLAND

PENINGARNIR LIGGJA

UNDIR TEPPINU Á RÚMINU

5 VODKA

1 : STK. 2100

5 STK. 5

---

10500

Samtals — 10500

Niels Ársælsson“

Ríkissaksóknari tilkynnti í bréfi, dags. 11. febrúar, að af ákærvaldsins hálfu væri ekki að svo stöddu krafist frekari aðgerða í máli þessu, en kæmi eitthvað það fram, er þætti geta orðið til frekari upplýsinga, bæri að halda rannsókn málsins áfram.

Ekkert virðist hafa verið athugað með bréf það, sem Niels Adólfsson sendi Hans Höjgaard, en stefnandi skýrði bæjarþinginu frá því og hvernig hann hefði fengið vitneskju um það. Eftir að hann hafi verið látinn laus, hafi hann rætt við Færeyinginn Hans Höjgaard, vegna þess að hann og Niels hafi rætt ýmislegt saman. Hans hafi þá sagt stefnanda frá plaggi þessu. Niels hafi sjálfur skrifað það og beðið Hans um að senda þetta áfengi. Hans hafi sagt honum, að Niels hefði pantað hann í síma frá Núpsskóla nokkru síðar og beðið um hann í símann hjá verkstjóranum í frystihúsinu. Hans hafi farið þar í símann og talað við Niels og hafi verkstjórinn setið við hliðina á Hans. Erindi Nielsar í símtali þessu hafi verið að biðja Hans að segja, ef einhver færi að athuga þetta, að Hans hefði lánað honum þessa peninga, en ekki, að Niels hefði skilið þessa peninga eftir. Verkstjórinn, sem sat þarna hjá Hans, hafi heyrt Hans segja í símann: „Nei, af hverju á ég að vera að ljúga þessu, ég ætla ekki að fara að ljúga neitt fyrir þig.“ Verkstjórinn hafi sagt stefnanda þetta og Hans hafi einnig sagt þetta, bæði stefnanda og Svandísi konu hans. Hans hafi sagt þeim, að hann hafi ekki viljað segja frá þessu þegar í stað til þess að komast ekki á blað hjá lögreglunni vegna fortíðar sinnar í Færeyjum. Skömmu eftir þetta hafi Niels hætt í skólanum og komið aftur til Tálknafjarðar. Hans Höjgaard hafi hins vegar farið burtu. Rannsókn málsins leiddi annars í ljós eftirfarandi atriði: Að nemarnir í Núpsskóla, þar á meðal Bjarni Franz og Niels, höfðu rætt sín á milli um, að gaman væri að brjótast einhvers staðar inn; að veður aðfaranótt 4. janúar hafi verið kuldi, snjókoma og allhvasst; að skrapa með löngu skafti og stillingarlykill hafi verið tekin úr brýningarklefa inn af flökunarsal og skilinn eftir í smíðaherbergi, þar sem tekið var stórt sporjárn; að herbergi Kjartans Ólafssonar, sem átti sjópokann, sem sígaretturnar voru í, var haft opið og var við hliðina á herbergi Bjarna Franz á 3. hæð; að læsing á útidyrhurð skreiðarhússins hafi verið sprengd upp á líkan hátt og læsingin á hurð kaupfélagsins og hafi þetta komið í ljós við leit 16. janúar.

#### Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að hann hafi að ósekju verið í gæsluvarðhaldi frá kl. 2350 hinn 6. janúar 1975 til kl. 1330 23. janúar 1975, eða í 18 daga. Samkvæmt 18. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, einkum 150. gr., 2. tl., svo og 152. gr., beri stefnanda bætur vegna þessa. Hann uppfylli öll skilyrði lagagreina þessara og hafi hann orðið fyrir mjög

grófri misnotkun á gæsluvarðhaldsheimild dómara. Sýnt sé, að vakað hafi fyrir sýslumanni að knýja stefnanda til játingar með því að úrskurða hann í 30 daga gæsluvarðhald, enda verði svo langur varðhaldstími fyrir ekki alvarlegra brot en hér um ræði að teljast í hæsta máta óeðlilegur.

Skilyrði 2. tl. 150. gr. laganna hafi stefnandi uppfyllt. Þau séu tvö, að rannsókn hafi verið hætt og að fremur megi telja hann líklegan til að vera sýknan en sekan af háttseminni, sem hann hafi verið borinn, þ. e. innbrotinu og þjófnaði úr Kaupfélagi Tálknfirðinga aðfararnótt 4. janúar 1975.

Rannsókninni hafi verið hætt og ekkert hafi frekar verið að gert í henni, frá því að hún var send ríkissaksóknara til ákvörðunar. Þó hafi stefnandi sjálfur bent sýslumanni á ýmis atriði, sem rannsaka mætti, og sýnt fram á ný atriði í málinu, án þess að nokkuð hafi verið aðhafst. Ljóst sé því, að þessu skilyrði sé fullnægt, enda geti bið rannsóknaryfirvalda í slíkum málum ekki komið í veg fyrir, að saklausir leiti réttar síns, eins og lög geri ráð fyrir.

Stefnandi hafi einnig sýnt fram á og málið í heild beri það með sér, að síðara skilyrðið sé einnig uppfyllt. Grunur hafi fallið á stefnanda eingöngu vegna þess, að hann fann hluta þýfisins, 22 lengjur af sígarettum, í leit, sem lögregluþjónarnir, bílstjóri þeirra, Páll Guðlaugsson vélstjóri og stefnandi hafi framkvæmt nóttina eftir að yfirheyrslur hófust. Mjög ítarlegar yfirheyrslur sýslumanns og aðrar rannsóknir hans hafi ekkert leitt í ljós til þess að styðja þennan grun, sem upphaflega hafi lagst á stefnanda. Hins vegar hafi mörg atriði komið í ljós, sem sýnt hafi hið gagnstæða, að stefnandi hafi alls ekki framið þetta. Stefnandi bendir á, að nótt þessa hafi skip verið í höfn og mörg skólabörn verið í jólaleyfi. Aðeins þrír nemar hafi verið yfirheyrðir. Hugmynd stefnanda um að leita í fjárhúsum þessum hafi reynst á rökum reist. Hún hafi hins vegar verið túlkuð sem vitneskja stefnanda um, að þýfið væri þarna. Þetta hafi verið mistök frá upphafi, sem e. t. v. hafi spillt rannsókninni. Stefnandi vísar í þessu sambandi á mismunandi orðalag lögregluskýrslunnar um fundinn í fjárhúsinu og orðalag Páls Guðlaugssonar. Framburðirnir stangist ekki á, en þeir lýsi sama atburði með mismunandi orðalagi, sem hafi reynst svo afdrifaríkt. Stefnandi hafi lýst þessu bæði í sakadómsrannsókn og hér fyrir dómi. Hann hafi séð, að þeir hafi aðeins staðið í dyrunum og lýst inn í fjárhúsið og hafi honum þótt ástæða til að fara inn í fjárhúsið og leita

betur. Þetta hafi hann gert og þá komið auga á eplakassa, sem hafi verið á hvolfi á gólfinu, alveg nýjan og áberandi hreinan. Hann hafi því lyft honum með fætinum og þá séð sjópoka undir. Þegar sagt sé, að hann hafi gengið rակleitt að kassanum eða beint að kassanum, þá sé átt við það, að hann hafi gengið að honum, eftir að hann sá hann í ljósgeislanum, og sé því hér um eðlilegt orðalag að ræða, sé litið á það í ljósi þess, sem raunverulega gerðist. Samt hafi þetta orðalag orðið til þess, að grunur hafi fallið á hann og menn hafi þá talið, að hann væri að „vísa á“ þýfi, sem hann hefði sjálfur sett á þennan stað. Á þessu hafi sýslumaður byggt gæsluvarðhaldsúrskurð sinn. Þrátt fyrir hina löngu rannsókn hafi ekki tekist að upplýsa málið og rétt sé að benda á, að fingrafararannsóknir hafi farið út um þúfur, bæði á sígarettulengjunum og verkfærunum, sem talin voru hafa verið notuð. Og ekki hafi verið rannsökuð beiðni Nielsar Ársælssonar á áfengiskaupum og símtal hans við kaupandann, Hans Højgaard.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að skilyrðum 150. gr. laga nr. 74/1974 verði að vera fullnægt í hvívetna, svo bætur megi dæma, en bæði 1. og 2. tl. þeirrar greinar séu því augljóslega til fyrirstöðu. Ekkert liggi fyrir um, að endanleg ákvörðun hafi verið tekin um að hefja ekki ákæru. Stefndi leggi þó höfuðáherslu á niðurlag 2. tl. 150. gr., en þar komi fram það fortakslausu skilyrði bótaréttar, að fremur megi telja sakaðan mann sýknan en sekan af þeirri háttsemi, sem hann var borinn. Þótt rannsókn málsins hafi ekki leitt í ljós óyggjandi sannanir, sem nægðu til refsíáfalls fyrir stefnanda, hljóti niðursstaðan að verða sú, að stefnandi verði ekki fremur talinn sýkn en sekur. Hér sé um að ræða frjálst líkindamat um sekt eða sýknu stefnanda og bendi eftirfarandi atriði rannsóknarinnar svo eindregið til sektar hans, að skilyrði 2. tl. geti ekki talist uppfyllt.

Í lögregluskýrslu segi um leit í fjárhúsinu: „Fór Viðar rակleitt að kassa, sem stóð á gólfinu innst í garðanum, og lyfti honum upp.“ Þetta bendi augljóslega til þess, að stefnandi hafi vitað, hvar þýfið var geymt. Lögreglumennirnir hafi staðfest þessa frásögn með eiði og hún sé skráð strax eftir atburðinn. Ummæli stefnanda, þegar hann benti á þýfið, séu ekki síður athyglisverð. Hann viðurkenni sjálfur að hafa sagt efnislega: „Hérna er eitt-hvað, ég snerti þetta ekki, mér er sama, hvað þið haldið að þótt ég hafi fundið þetta, þá megið þið taka því eins og þið viljið“. Ljóst ég, að sýslumanni hafi eftir slíka framkomu verið heimilt að beita gæsluvarðhaldi skv. 67. gr. laga nr. 74/1974. Rétt sé og

að benda á, að stefnandi virðist álíta, að grunur hafi fallið á sig eftir fyrstu lögregluyfirheyrslu að kvöldi laugardagsins 4. janúar. Honum kann þá að hafa þótt hyggilegra að skila hluta þýfisins.

Eins og glögglega komi fram af rannsókninni, bendi allt til þess, að einhver eða einhverjir þeirra, sem þjuggu í hraðfrystihúsinu, hafi framið innbrotið. Áhöldin hafi verið fengin í hraðfrystihúsinu, og til að nálgast þau þurfti kunnugleika innanhúss og aðgang að lykllum. Einnig veiki athygli, að stefnandi segist hafa frétt um innbrotið kl. 1430 á laugardaginn, skömmu eftir að hann fór á fætur. Hins vegar var ekki uppvíst um innbrotið fyrr en um eða eftir kl. 1600. Einnig hafi stefnandi sagt, að hann hafi sagt skólastjóranum, þegar hann fór þangað í heimsókn kl. 1700, að stolið hefði verið kr. 40.000. Þetta hafi á engan hátt verið vitað þá og sé lítt skiljanlegt, hvaðan stefnanda kom sú vitneskja. Þótt stefnandi hafi reynt að koma sökinni á nema, sem þarna voru í jólaleyfi, einkum þá Ólaf Jóhannsson, Bjarna Franz Viggósson og Níels Ársælsson, hafi ekkert komið í ljós, sem bendi á sekt þeirra. Níels hafi ekki verið kunnugur í hraðfrystihúsinu, enda ekki búíð þar. Auk þess verði að benda á, að stefnandi hafi verið staðinn að hnupli áður, eins og margoft hafi komið fram í rannsókninni.

#### Niðurstaða.

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 11. febrúar 1975, var eigi að svo stöddu krafist frekari aðgerða í máli þessu. Tekið var þó fram, að rannsókninni bæri að halda áfram, kæmi eitt-hvað fram, er þætti geta orðið til frekari upplýsinga í málinu. Ekkert liggur fyrir um, að rannsókn hafi verið tekin upp að nýju og haldið áfram, frá því er henni var hætt í janúar 1975. Þegar svo stendur á, verður að telja, að skilyrði 2. t. l. 150. gr. laga nr. 74/1974 um, að rannsókn hafi verið hætt, standi ekki í vegi fyrir því, að kröfur stefnanda nái fram að ganga.

Annað skilyrði er, að fremur megi telja stefnanda líklegan til að vera sýknan en sekan af því að hafa brotist inn í sölubúð Kaupfélags Táknaþarðar aðfaranótt laugardagsins 4. janúar 1975 og stolið þaðan um kr. 54.000 í peningum og ca 25 lengjum af vindlingum.

Telja verður upplýst, að innbrot þetta hafi verið framið með því, að bakhurð sölubúðarinnar var spennt upp með járn. Enn fremur að sporjárn hafi verið tekið úr smíðaherbergi á 2. hæð hraðfrystihússins þessa nótt og að þangað hafi verið farið úr flökunarsal hússins á sömu hæð. Telja verður og, að lengjur þær

af vindlingum, sem fundust í fjárhúsum aðfararnótt 5. janúar 1975 og voru í sjópoka, sem tekinn hafði verið úr auðu herbergi á 3. hæð hraðfrystihússins, hafi verið hluti þýfisins og að þær hafi verið færðar þangað um nóttina eftir innbrotið. Þá var snjóköma og hvassviðri.

Ekki verður fallist á það með stefnda, að allt bendi til þess, að innbrotið hafi verið framið af einhverjum, sem bjó í verbúð hraðfrystihússins. Upplýst er, að húsið var öllum opið, þótt ýmis herbergi væru læst, og margir voru þar kunnugir húsaskipan. Einnig er upplýst, að unnt hafi verið að komast inn í flökunarsal um lúgu að utan eftir „snigli“ svo og að hurð milli umbúðageymslu og smíðaherbergis hafi verið „spennt upp“. Ekki verður því séð, að lykjar hljóti að hafa verið notaðir til þess að ná í járn í smíðaherberginu.

Vindlingarnir fundust fyrir atbeina stefnanda í fjárhúsunum. Framburður stefnanda um það, hvenær hann frétti um innbrotið, var á reiki. Grunur féll því á hann þegar í upphafi rannsóknar. Þegar virtir eru framburðir vitna um fund vindlinganna í fjárhúsinu, verður ekki talið, að þáttur stefnanda og framkoma bendi til þess, að hann sé sekur, þótt þetta hafi vakið grunsemdir í upphafi. Þegar hin ítarlega rannsókn er skoðuð, er vart unnt að telja, að önnur atriði en þessi hafi varpað grun á stefnanda. Þegar á móti er virt staða stefnanda á staðnum, framburður Svandísar Leósdóttur um dvöl stefnanda um nóttina svo og það, að stefnandi verður ekki talinn hafa augljósar ástæður eða tilgang með slíkum verknaði, þykir vel mega telja, að stefnandi sé fremur sýkn af háttsemi þessari en sekur. Hann uppfyllir því skilyrði 150. gr. laga nr. 74/1974, og verða honum því dæmdar bætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju.

Krafa stefnanda um kr. 60.000 fyrir vinnutap hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því tekin til greina. Stefnandi hefur orðið fyrir miska, sem eftir atvikum verður að teljast verulegur. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar kr. 800.000. Stefnanda verða því dæmdar bætur samtals að fjárhæð kr. 860.000 með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði, þar sem ríkissaksóknara og sýslumanni Barðastrandarsýslu er stefnt til réttargæslu.

Eftir þessum málalokum verður stefnda einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 300.000. Skv. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 greiðist málskostnaður stefnanda úr ríkis-

sjóði. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður, kr. 275.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Viðari Stefánssyni, kr. 860.000 með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags.

Málkostnaður stefnanda, kr. 300.000, greiðist einnig úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns hans, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, kr. 275.000.

Mánudaginn 10. desember 1979.

Nr. 118/1978. **Alexander Sigurðsson og  
Sigurður Guðbrandsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

**Landsbanka Íslands**

(Stefán Pétursson hrl.).

Víxilmál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1978. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 2. mars 1978, er munnlegur málflutningur fór fram, verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara er aðallega krafist sýknu alveg eða að hluta, en til þrautavara sýknu að svo stöddu. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.